

## REGLUR

### um stjórnskipulag Hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri.

#### 1. gr.

##### *Hlutverk, stefna og starfsfólk.*

Hlutverk fræðasviðsins er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum. Fræðasviðið mótar sér stefnu til nokkurra ára í senn í samræmi við hlutverk sitt og stefnu Háskólans á Akureyri hverju sinni. Hug- og félagsvísindasvið starfar á grundvelli laga nr. 63/2006 um háskóla, laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022.

Á Hug- og félagsvísindasviði starfa prófessorar, dósentar, lektorar, aðjúntar, doktorsnemar, sérfræðingar, stundakennarar, gestakennarar og starfsfólk við stjórnslu og stoðþjónustu fræðasviðsins.

Háskólaráð getur ákveðið að láta fara fram sérstakt mat á starfsemi fræðasviða, deilda, stofnana eða annarra skipulagseininga innan háskólans, sbr. m.a. 13. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri.

Um doktorsnám gilda reglur um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri.

#### 2. gr.

##### *Fræðasviðsfundur.*

Fræðasviðsfundur hug- og félagsvísindasviðs er samráðsvettvangur þar sem fram fer umræða um innri málefni fræðasviðs. Forseti fræðasviðs boðar fræðasviðsfundi og stýrir fundi eða felur öðrum stjórn hans. Háskólaráð getur leitað umsagnar sviðsfundar um hvaðeina sem varðar starfsemi á viðkomandi fræðasviði. Nánar er kveðið á um fræðasviðsfund í 17. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri.

Á fræðasviðsfundum eiga sæti forseti fræðasviðs, deildarforsetar eða staðgenglar þeirra, brautarstjórar og forstöðumenn stofnana sem heyra til fræðasviðsins eða deilda. Þar sitja jafnframt akademískir starfsmenn, háskólakennarar, doktorsnemar, fulltrúar stúdenta, einn úr hverri deild, og starfsfólk við stjórnslu og stoðþjónustu fræðasviðsins.

Fræðasviðsfundur kýs fulltrúa fræðasviðsins á háskólafund, sbr. 8. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri. Heimilt er að kjósa fulltrúa á háskólafund með rafrænni atkvæðagreiðslu.

Fræðasviðsfund skal halda minnst einu sinni á misseri.

#### 3. gr.

##### *Stjórn fræðasviðs.*

Forseti fræðasviðs, deildarforsetar og skrifstofustjóri fræðasviðs mynda stjórn fræðasviðs. Í stjórn fræðasviðs eiga einnig sæti tveir fulltrúar stúdenta sem tilnefndir eru af aðildarfélögum Stúdentafélags Háskólans á Akureyri á fræðasviðinu til eins árs í senn. Varafulltrúar í stjórn fræðasviðs eru staðgenglar framangreindra aðalfulltrúa og varafulltrúar stúdenta eru tilnefndir af aðildarfélögum Stúdentafélagsins.

Forseti fræðasviðs stýrir fundum stjórnar og heldur fundi eftir þörfum. Í fjarveru sviðsforseta skal staðgengill forseta fræðasviðs stýra fundi stjórnar. Sé deildarforseti fjarverandi skal staðgengill deildarforseta sitja fundi stjórnar fræðasviðs.

Stjórn fræðasviðs fjallar um sameiginleg málefni sviðsins, þ.m.t. ákvarðanir deilda um námsframboð, fjárhag og rekstrarafkomu deilda og sviðsins, um tillögur deilda um námsframboð og fjöldatakmörkun fyrir hvert skólaár ef við á. Stjórn fræðasviðs gerir tillögur til háskólaráðs um breytingar á reglum eða nýjar reglur er varða skipulag og starfsemi fræðasviðsins, deilda þess og stofnana, veitingu heiðursdoktorsnafnbóta og um að bjóða vísindamanni akademískt starf án auglýsingar. Stjórn fræðasviðs tekur ákvarðanir um háskólastofnanir og rannsóknastofnanir sem settar eru á stofn á sviðinu. Enn fremur skal taka til umfjöllunar og afgreiða eða koma í farveg málum einstakra stúdenta sem ekki verða leyst á vettvangi deilda. Við fræðasvið og deildir er heimilt að starfrækja sérstakar háskólastofnanir og rannsóknastofnanir, sem settar eru á stofn samkvæmt ákvörðun stjórnar fræðasviðs.

Stjórn fræðasviðs er ekki ályktunarbær nema meirihluti atkvæðisbærra fulltrúa sæki fund. Ef fastur fulltrúi getur ekki sótt fund skal boða varafulltrúa hans til setu á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn sker atkvæði sviðsforseta úr eða þess er gegnir fundarstjórn í fjarveru sviðsforseta. Rita skal fundargerð þar sem ákvarðanir stjórnar fræðasviðs eru skrásettar. Forseti fræðasviðs skipar stjórninni ritara.

Stjórn fræðasviðs setur fræðasviðinu nánari reglur og ákveður skipulag þess frekar og gerir tillögu til háskólaráðs um deildaskipan og námsframboð. Á vettvangi stjórnar fræðasviðs skal m.a. ræða og kynna árlega fjárhagsáætlun fræðasviðsins. Rektor og háskólaráð geta falið stjórn fræðasviðs framkvæmd annarra verkefna eftir því sem við á.

#### 4. gr.

##### *Forseti fræðasviðs.*

Forseti Hug- og félagsvísindasviðs er yfirmaður fræðasviðsins, stýrir daglegri starfsemi og er akademískur leiðtogi þess og talsmaður innan háskólans og utan. Forseti er ráðinn af rektor til fimm ára samkvæmt verklagsreglum sem háskólaráð setur. Forseti annast fundarboð til fulltrúa á fræðasviðsfundi og stjórnar fundunum. Hann er jafnframt formaður stjórnar fræðasviðs. Um hlutverk, verkefni, ábyrgð og ráðningu forseta er nánar fjallað í 15. og 16. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri og í erindisbréfi sem rektor setur honum.

#### 5. gr.

##### *Skrifstofa fræðasviðs.*

Skrifstofa fræðasviðs starfar undir stjórn skrifstofustjóra fræðasviðs, sem ber ábyrgð gagnvart forseta fræðasviðs, sem er yfirmaður hans. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri sviðsskrifstofu og er nánar kveðið á um ábyrgð, hlutverk og verkefni skrifstofustjóra í starfslýsingu. Skrifstofan er stoðþjónustu- og stjórnsýslukjarni sem sinnir ýmsum verkefnum fyrir fræðasviðið, deildir þess og stofnanir. Skrifstofan sinnir almennri þjónustu við stúdenta og kennara og annast ýmis sérhæfð mál, s.s. kennsluskrárgerð, stundaskrárgerð, innritun, brautskráningu, starfsmannamál, rekstur o.fl. Skrifstofan hefur náíð samstarf og samráð við háskólaskrifstofu og skrifstofu rektors um miðlæga og sameiginlega stoðþjónustu og stjórnsýslu.

#### 6. gr.

##### *Deildir.*

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í fjórar deildir: félagsvísindadeild, kennaradeild, lagadeild og sálfræðideild.

Deildirnar hafa með sér náíð samráð til að nýta sem best mannauð, fjármuni, aðstöðu, tæki og búnað í þágu fjölbreyttrar menntunar og rannsókna. Hug- og félagsvísindasvið og deildir þess skulu jafnframt stuðla að nánú samstarfi við háskólaskrifstofu og rektorsskrifstofu, önnur fræðasvið háskólans og deildir.

Deildir eru sjálfstæðar um eigin málefni innan þeirra marka sem sameiginlegar reglur háskólans setja og bera faglega ábyrgð á kennslu og námi og veitingu prófgráða við námslok.

Hver deild fer með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa og fjallar um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf. Deildarforseti, í samráði við deild eða námsbraut undirbýr ráðningu stundakennara og gerir tillögu til forseta fræðasviðsins um ráðninguna. Stjórn deildar er í höndum deildarfunda og deildarforseta. Deildarfundur fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum deildar í samræmi við reglur þessar og reglur fyrir Háskólann á Akureyri. Deild ber ábyrgð á skipulagi og þróun þess náms sem fræðasviðið hefur samþykkt að fari fram innan deildarinnar ásamt innritun og brautskráningu í umboði forseta. Innan hvernar deildar er boðið upp á minnst eina námsbraut, en með því er átt við skilgreinda samsetningu námskeiða sem nemandinn þarf að ljúka til að hljóta tiltekna námsgráðu. Í tilteknum málum eða málaflokkum er deild heimilt að framselja ákvörðunarvald til deildarráðs eða deildarforseta.

Við skipulag alls náms á fræðasviðinu er tekið mið af *Viðmiðum um æðri menntun og prófgráður* (auglýsing nr. 530/2011).

## 7. gr.

*Deildarfundir.*

Deildarfundur fer með æðsta ákvörðunarvald er varðar kennslu og rannsóknir innan hvernar deildar. Kveðið er á um verkefni og hlutverk deildarfundar í 20. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri. Deildarfundur setur reglur um innra skipulag deildar og skulu þær fjalla m.a. um hlutverk deildar- og námsbrautarfunda. Afl meirihluta atkvæða ræður úrslitum mála. Nú eru atkvæði jöfn og sker þá atkvæði deildarforseta úr.

Samkvæmt 21. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri eiga eftirtaldir fulltrúar rétt til setu og til að fara með atkvæðisrétt:

- a. Deildarforseti, próffessorar, dósentar, lektorar og aðjúntar ráðnir til starfa hjá viðkomandi deild, í 49% starfshlutfalli eða meira.
- b. Aðrir þeir sem deild ákveður.
- c. Einn fulltrúi stundakennara innan deildarinnar, tilnefndur af deildarforseta til eins árs í senn.
- d. Að minnsta kosti einn fulltrúi stúdenta úr hverri námsbraut innan deildarinnar, tilnefndur af hálfu viðkomandi aðildarfélags Stúdentafélagsins til eins árs í senn.

Jafnframt situr fulltrúi stjórnáslu og stoðþjónustu fræðasviðsins deildarfundum með tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Deild setur nánari reglur um tilhögun á vali fulltrúa samkvæmt liðum c og d.

## 8. gr.

*Deildarráð.*

Samkvæmt 22. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri er deild heimilt að mynda stjórnarnefnd, deildarráð. Í deildarráði skulu eiga sæti deildarforseti, brautarstjórar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir af félagasamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Deildir setja sér nánari reglur um fjölda fulltrúa á deildarráðsfundum.

## 9. gr.

*Deildarforsetar.*

Deildarforseti og deildarfundir bera ábyrgð á kennslu, kennslufyrirkomulagi og þróun náms. Forseti deildar er æðsti fulltrúi deildar gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Deildarforseti ber ábyrgð gagnvart forseta fræðasviðs, sem er yfirmaður hans. Forseti deildar er faglegur forystumaður deildar og ber ábyrgð á mótun stefnu fyrir deild, skipulagi náms og gæðum kennslu og rannsókna, tengslum við samstarfsaðila og á því að starfsemi deildar og starfseininga hennar sé í samræmi við fjárhagsáætlun fræðasviðsins.

Deildarforseti situr í stjórn fræðasviðs. Á milli deildarfunda eða funda stjórnar fræðasviðs fer deildarforseti í umboði þeirra með ákvörðunarvald um málefni deildar. Deildarforseti stýrir deildarfundum og fundum deildarráðs, þar sem það á við, og fylgir samþykktum fundanna eftir. Nánar er kveðið á um ábyrgð, hlutverk og verkefni deildarforseta í 23. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri og í starfslýsingu sem forseti fræðasviðs setur í samráði við rektor.

Forseti fræðasviðs skipar deildarforseta til tveggja ára í senn samkvæmt tilnefningu deildarfundar. Deildarforseti skal kosinn af deildarfundum úr hópi fastráðinna lektora, dósentna og prófessora deildarinnar. Einnig skal deildarfundur tilnefna staðgengil deildarforseta til sama tíma. Kosningu skal að jafnaði lokið fyrir 1. mars á því ári sem kjörtímabil sitjandi deildarforseta rennur út og miðast upphaf kjörtímabils við 1. júlí og lok við 30. júní að tveimur árum liðnum.

Deildarforseti skal vera próffessor, dósent eða lektor í fullu starfi við deildina og hafa umtalsverða reynslu af kennslu og rannsóknum, stjórnun og góða innsýn í skipulag og tilhögun náms.

## 10. gr.

*Brautarstjórar og kennarafundir.*

Deildum er heimilt að velja sérstaka brautarstjóra til að hafa umsjón með einni eða fleiri námsbrautum innan deildarinnar, að uppfylltum almennum skilyrðum háskólans um lágmarksfjölda stúdenta og námseininga brautar. Brautarstjórar eru kosnir á deildarfundum til tveggja ára í senn. Brautarstjórn felur í sér samskipti við stúdenta og forystu um kennslu- og námsþróun. Kennarafundir

eru samráðsvettvangur og boðar brautarstjóri til slíkra funda eftir þörfum. Á kennarafund má kalla fastráðna kennara, stundakennara og hverja þá aðra sem koma að kennslu innan námsbrautar hverju sinni. Nánar er kveðið á um ábyrgð og verkefni brautarstjóra í sérstakri starfslýsingu.

## 11. gr.

*Valnefndir.*

Valnefndir starfa innan hvernar deildar Hug- og félagsvísindasviðs í samræmi við 38. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri. Hlutverk valnefndar er að fara yfir umsóknir um akademísk störf við deildina þegar dómnefnd hefur lokið umfjöllun sinni og mati á hæfi umsækjenda og veita forseta fræðasviðs, eða eftir atvikum rektor ef um er að ræða ótímabundna ráðningu, umsögn um umsækjendur áður en tekin er ákvörðun um ráðningu. Í valnefnd sitja deildarforseti, sem er formaður nefndarinnar, einn fulltrúi tilnefndur af deild til þriggja ára og einn fulltrúi sem deildarráð eða deildarforseti tilnefna í hverju máli og skal viðkomandi vera sérfræðingur á fræðasviði starfsins. Rektor skipar valnefndum starfsmann sem m.a. heldur utan um ráðningarferlið og gætir þess að störf nefndarinnar séu í samræmi við lög og reglur og góða stjórnsýsluhætti. Nánar er kveðið á um skipun, hlutverk og málsmeðferð valnefndar í 38. og 39. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri og sérstökum verklagsreglum valnefnda sem háskólaráð setur.

Valnefndarálit skal sent til deildarfundar sem tekur afstöðu til álitsins áður en álitíð er sent til forseta fræðasviðs, sem tekur ákvörðun um ráðningu.

## 12. gr.

*Náms- og matsnefndir.*

Innan hvernar deildar Hug- og félagsvísindasviðs starfa náms- og matsnefndir. Hlutverk námsnefndar er að fjalla um og gera tillögur um kennsluskrá og námsskipan og námsgreinar fyrir tiltekna deildir eða námsbrautir. Hlutverk matsnefndar er að gera tillögur um mat á fyrra námi og fyrirhuguðu skiptinámi stúdenta í viðkomandi deild eða á námsbraut. Einstökum deildum innan fræðasviðs er heimilt að sameinast um náms- og matsnefndir. Deild er heimilt að sameina námsnefnd og matsnefnd í eina náms- og matsnefnd. Náms- og matsnefnd skal skipuð minnst þremur fulltrúum kennara (prófessora, dósenta, lektora eða aðjúnkta), sem valdir skulu til tveggja ára í senn af viðkomandi deildarfundum og einum fulltrúa stúdenta, sem er valinn af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn. Jafnframt skal deildarforseti starfa með nefndinni auk starfsfólks úr stjórnsýslu og stoðþjónustu fræðasviðsins. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Nánar er kveðið á um skipan, hlutverk og verkferla náms- og matsnefnda í sérstökum samþykktum. Námsnefndir á Hug- og félagsvísindasviði skulu hafa formlegt samráð sín á milli með það fyrir augum að koma á framfæri upplýsingum og sem mestri samvinnu um nám og námsframboð á fræðasviðinu.

## 13. gr.

*Sértækir málaflakkar.*

Heimilt er að skipa nefndir eða umsjónarmenn sem bera sérstaka ábyrgð á tilteknum málaflökum innan fræðasviðs eða deildar. Málaflakkar sem geta haft slíkar nefndir eða umsjónarmenn eru til dæmis rannsóknir, alþjóðasamskipti, gæðamál, kynningarmál og frágangur kennsluskrár. Nefndirnar eða umsjónarmenn málaflakka eru kosin á fræðasviðsfundi eða eftir atvikum deildarfundum, til tveggja ára í senn.

## 14. gr.

*Félagsvísindadeild.*

Félagsvísindadeild er fagleg grunneining sem stendur fyrir og ber ábyrgð á kennslu og rannsóknum á sviði félags- og hugvísinda og veitingu prófgráða við námslok. Við deildina eru fjórar námsbrautir: í félagsvísindum, fjölmiðlafræði, lögreglufræði og nútímafræði. Jafnframt býður deildin upp á framhaldsnám á meistarastigi. Í umboði deildarfundar fer námsbraut með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, gerir tillögu að skiptingu kennslu milli einstakra kennara í námsbraut og gerir tillögur til deildarforseta um ráðningu stundakennara.

Deildarfundur fer með æðsta ákvörðunarvald í málefnum félagsvísindadeildar, sbr. 7. gr. reglna þessara. Auk þeirra sem tilgreindir eru í 7. gr. eiga doktorsnemar og aðjúnktar og/eða akademískir starfsmenn, sem tengjast rannsóknarstofnunum á vegum deildarinnar og eru í minna starfshlutfalli en 49%, setu- og tillögurétt á deildarfundum, sbr. b-lið 7. gr.

Á deildarfundum er kosinn til tveggja ára í senn, brautarstjóri fyrir hverja námsbraut. Brautarstjóri sér um að kalla saman eftir þörfum og/eða óskum kennara, námsbrautarfundum með akademískum starfsmönnum á viðkomandi braut.

Við deildina starfar deildarráð skv. 8. gr. reglna þessara og fer deildarráð ásamt deildarforseta með ákvörðunarvald í málefnum deildar milli deildarfunda. Í deildarráði situr deildarforseti, brautarstjórnar og einn fulltrúi frá hverju aðildarfélagi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Deildarforseti er formaður deildarráðs.

Félagsvísindadeild veitir kennslu til eftirtalinnna prófgráða:

Diplómaprófs í lögreglufræði fyrir starfandi lögreglumenn.

Diplómaprófs í lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn.

BA-prófs í félagsvísindum.

BA-prófs í fjölmiðlafræði.

BA-prófs í lögreglu- og löggæslufræði.

BA-prófs í nútímafræði.

Viðbótardiplómu í fjölmiðla- og boðskiptafræði.

MA-prófs í félagsvísindum.

MA-prófs í fjölmiðla- og boðskiptafræði.

MA-prófs í sjávarbyggðafraeði.

Auk þess býður Háskólinn á Akureyri upp á nám til doktorsgráðu í félagsfræði.

Við skipulag náms í lögreglufræði er m.a. tekið mið af lögreglulögum nr. 90/1996.

Félagsvísindadeild setur nánari reglur um námið og skulu þær koma fram í kennsluskrá hvers árs.

#### 15. gr.

##### *Kennaradeild.*

Kennaradeild er fagleg grunneining sem stendur fyrir og ber ábyrgð á kennslu og rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar og veitingu prófgráða við námslok. Kennaradeild er skipað í eftirfarandi námsbrautir: kennarabraut (BED, MEd og MT) og menntavísindabraut (MA).

Deildarforseti er faglegur forystumaður deildar og er ábyrgur gagnvart henni. Hann er næsti yfirmaður starfsfólks deildarinnar. Ásamt deildarforseta starfa tveir brautarstjórnar, einn fyrir hvora námsbraut og bera þeir einkum ábyrgð á náminu og samskiptum við stúdenta í því sambandi. Saman mynda þessir aðilar stjórnendateymi deildarinnar og vinna náið saman. Annar brautarstjórinn er staðgengill deildarforseta.

Deildarfundur fer með æðsta ákvörðunarvald í málefnum kennaradeildar, sbr. 7. gr.

Kennaradeild veitir kennslu til eftirtalinnna prófgráða:

Diplómaprófs í leikskólakennarafræði.

BEd-prófs í kennarafræði.

Viðbótardiplómu í forystu í lærdómssamfélagi.

Viðbótardiplómu í starfstengdri leiðsögn.

Viðbótardiplómu í menntunarfræði.

Viðbótardiplómu í menntavísindum.

MT-prófs í menntunarfræði.

MEd-prófs í menntunarfræði.

MA-prófs í menntavísindum.

Við skipulag kennaranáms er m.a. tekið mið af lögum nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og viðeigandi reglugerðum og aðalnámskrám.

Kennaradeild setur nánari reglur um námið og skulu þær koma fram í kennsluskrá.

## 16. gr.

*Lagadeild.*

Lagadeild stendur fyrir og ber ábyrgð á kennslu og rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar og veitingu prófgráða við námslok. Við lagadeild eru tvær námsbrautir: almenn braut í lögfræði á bakkalár- og meistarastigi og námsbraut í heimskautarétti á meistarastigi.

Deildarforseti leiðir starf deildarinnar og er ábyrgur gagnvart henni. Ásamt honum starfa tveir brautarstjórar, einn fyrir hvora námsbraut, og bera þeir ábyrgð á náminu og sinna almennum samskiptum við nemendur. Þá sinnir staðgengill deildarforseta störfum deildarforseta í forföllum hans. Deildarforseti, eftir atvikum staðgengill hans, fer að jafnaði með brautarstjórn annarrar brautarinnar.

Deildarforseti, staðgengill deildarforseta og brautarstjórar eru kosnir á deildarfundi til tveggja ára í senn. Deildarforseti og brautarstjórar halda kennarafundi eftir þörfum.

Deildarfundur fer með æðsta ákvörðunarvald í málefnum lagadeildar, sbr. 7. gr. og skulu deildarfundir haldnir mánaðarlega að jafnaði.

Lagadeild veitir kennslu til eftirtalinna prófgráða:

BA-prófs í lögfræði.

ML-prófs í lögfræði.

Viðbótardiplómu í heimskautarétti.

LLM-prófs í heimskautarétti.

MA-prófs í heimskautarétti.

Auk þess býður Háskólinn á Akureyri upp á nám til doktorsgráðu í lögfræði.

Við skipulag náms í lögfræði skal m.a. tekið mið af lögum nr. 77/1998 um lögmenn og þeim kröfum, sem gerðar eru til þeirra, sem hyggjast öðlast réttindi til að starfa sem lögmenn.

Lagadeild setur nánari reglur um námið og skipulag þess, sem uppfyllir lagaskilyrði og samræmist alþjóðlegum viðmiðum um uppbyggingu námsleiða, og skulu þær reglur koma fram í kennsluskrá.

## 17. gr.

*Sálfræðideild.*

Sálfræðideild er fagleg grunneining sem stendur fyrir og ber ábyrgð á kennslu og rannsóknum á sviði sálfræði. Deildin býður upp á grunn- og framhaldsnám.

Deildarforseti er faglegur forystumaður deildar og ábyrgur gagnvart deildinni, akademískum starfsmönnum hennar og fræðasviðinu, sbr. 9. gr. reglna þessara. Staðgengill deildarforseta sinnir störfum deildarforseta í forföllum hans. Nánar er kveðið á um ábyrgð og skyldur deildarforseta og staðgengils hans í starfslýsingu.

Deildarfundur fer með æðsta ákvörðunarvald í málefnum sálfræðideildar, sbr. 7. gr. reglna þessara. Kveðið er á um verkefni og hlutverk deildarfundar í 20. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri.

Auk þeirra sem tilgreindir eru í 7. gr. eiga fulltrúar stúdenta af hverju námsstigi setu- og tillögurétt á deildarfundum, sbr. b-lið 7. gr.

Deildarforseti og staðgengill deildarforseta eru kosnir á deildarfundi til tveggja ára í senn.

Sálfræðideild veitir kennslu til eftirtalinna prófgráða:

BA-prófs í sálfræði.

MA-prófs í sálfræði.

Við skipulag náms í sálfræði er m.a. tekið mið af lögum nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn.

Sálfræðideild setur nánari reglur um námið og skulu þær koma fram í kennsluskrá.

## 18. gr.

*Stofnanir á sviðinu.*

Við Hug- og félagsvísindasvið eru eftirfarandi stofnanir og/eða rannsóknasetur. Nánar er kveðið á um starfsemi þeirra í sérreglum sem um þær gilda.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) er stofnun sem rekin er af sjálfsaflafé og heyrir undir Hug- og félagsvísindasvið. Hlutverk miðstöðvarinnar er að efla skóla sem faglegar

stofnanir og vera farvegur þekkingar til starfandi kennara í leik-, grunn-, framhalds- og háskólum landsins og frá þeim inn í háskólann.

Rannsóknasetur í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri (RLHA) er vísindaleg rannsóknastofnun sem heyrir undir Hug- og félagsvísindasvið.

19. gr.

*Gildistaka og endurskoðun.*

Reglur þessar sem samþykktar voru í háskólaráði 23. júní 2022 eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og reglna nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri. Reglurnar öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi reglur nr. 416/2012 um stjórnskipulag Hug- og félagsvísindasviðs. Reglur þessar skal endurskoða reglulega og skal þá taka mið af fenginni reynslu.

*Háskólanum á Akureyri, 23. júní 2022.*

**Eyjólfur Guðmundsson** rektor.

---

B-deild – Útgáfudagur: 8. júlí 2022